

Stjórnarfundur Leiðsagnar 19.04.2021 klukkan 16:30.

Sextánda fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn mánudaginn 19. apríl klukkan 16:30. Fundinn sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Grímur Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag aðalfundar 27. apríl. Verður blandað fyrirkomulag, bæði fundarmenn á staðnum og þeir sem ekki geta eða vilja geta setið hann í gegnum Zoom. Hægt að hafa biðstofu, farið yfir listann og er síðan hleypt áfram. Fyrsta mál á dagskrá, kjörskrá sú sama og í fyrra. Afgreiða síðan ársreikningana. Þetta er gert að ráði Magnúsar Nordal, lögfræðings ASÍ og er einnig vilji Trúnaðarráðs. Að því búnu verður fundinum frestað um nokkrar vikur.
2. Stefnt er að halda aðalfund innan sex vikna. Ef aðstæður leyfa það ekki fær stjórn heimild til að fresta til haustsins. Tilkynning send um þetta til félagsmanna á morgun.

Fundi slitið klukkan 11:30.